

Foreldraráð Leikskóla Seltjarnarness (LS)

Fundargerð
4. apríl 2013

Fundur foreldraráðs LS var haldinn kl. 8:15 þann 4. apríl 2013 í Mánabrekku.

Viðstaddir:

Soffía Guðmundsdóttir, Ólafía Harðardóttir, Hildigunnur Magnúsdóttir og Svana Davíðsdóttir

Dagskrá

1. Staða á erindi foreldraráðs til skólanefnd Seltjarnarness.
2. Undirbúningur fyrir fund með bæjarstjóra.
3. Staða á hávaðamengun.
4. Önnur mál

1. Staða á erindi foreldraráðs til skólanefndar Seltjarnarness.

Ekki hefur borist svar við bréf til skólanefndar Seltjarnarness þann 21. janúar varðandi öryggismál á leikskólalóð Leikskóla Seltjarnarnessbæjar m.a. vegna slysa sem orðið hafa á leikskólalóðinni og tekið var fyrir á fundi skólanefndar þann 23. janúar þar sem fulltrúar foreldraráðs kynntu efni þess. Efni bréfsins kemur fram í síðustu fundargerð foreldraráðs. Ákveðið var að senda ítrekun á skólanefnd og óska eftir svari.

Svana er nú hluti af vinnuhóp sem hefur verið stofnaður varðandi öryggiseftirlit á leikskólum. Í vinnuhópnum sitja auk Svönu fulltrúar frá Seltjarnarnessbæ, deildarstjóri og leikskólastjóri leikskólans. Tilgangur vinnuhópsins er að setja saman handbók varðandi öryggiseftirlit í Leikskóla Seltjarnarness. Byggt verður á efnisyfirliti sem til er frá menntamálaráðuneytinu en almennt virðist ekki vera til staðar sambærileg handbók í öðrum leikskólum að undanskildu einhverju efni frá leikskólum í Mosfellsbæ sem e.t.v. má notast við.

Á árinu 2010 stóð til hjá menntamálaráðuneytinu að setja saman slíka handbók en sú vinna virðist hafa lognast út af og einungis er til efnisyfirlit eins og áður greinir.

2. Undirbúningur fyrir fund með bæjarstjóra

Síðustu tvö ár hefur verið haldinn einn fundur á ári með bæjarstjóra, fræðslufulltrúa, foreldrafélagi og foreldraráð. Tilgangurinn er að ræða um leikskólastarfið. Ekki hefur borist boð frá Seltjarnarnessbæ en ákveðið var eftirfarandi:

- Hildigunnur mun hafa samband við fræðslustjóra og óska eftir fundi.
- Ólafía mun taka saman póst til að senda á foreldra þar sem fundurinn er auglýstur og óskað eftir að foreldrar láti í ljós skoðanir sínar sem unnt verði að koma á framfæri við bæjarstjóra.

3. Hávaðamengun

Hávaðamengun er vandamál í leikskólum. Hljóðmæling er ekki gerð reglulega af Heilbrigðiseftirliti eða Vinnueftirliti. Soffía telur að það sé þörf á að gera hljóðmælingar og ætlar að skoða leiðir til þess. Ákveðið var að því yrði komið á framfæri við bæjarstjóra að það væri álit starfsmanna að of mikill hávaði væri á vinnustaðnum og að grípa þyrfti til aðgerða til að stemma stigu við því.

Soffía telur að ein leið til að minnka hávaða sé með kaupum á hljóðeinangrandi dúkum á borðin. Það mun samt ekki leysa nema hluta vandans.

4. Önnur mál

Rædd voru ýmis mál:

- Seltjarnarnes hefur gert vinnustaðagreiningu síðustu tvö ár og henni er nýlokið á þessu ári. Leikskólinn kom vel út. Leikskólinn á að leggja til umbætur á þeim þáttum sem kom fram í könnuninni að þyrfti að bæta.
- Soffía sagði frá Rannung verkefni á Eiði „Læsi og máltjáning“ sem hefur gengið mjög vel og kennarar á Eiði hafa fengið mikið hrós fyrir öflugt starf frá skipuleggjendum verkefnisins. Hvatt var til þess á fundinum að verkefnið yrði tekið upp á fleiri deildum.
- Svana minntist á að nokkur slys hafa orðið í leikskólanum síðustu mánuði sem starfsmenn hafa ekki orðið vitni að. Hún bað Soffíu um að skoða hvaða ástæður gætu legið að baki og hvort grípa þyrfti til ráðstafana af þessum sökum. Skoða þarf sérstaklega með tilliti til þessa hvort mönnun á deildum skólans sé fullnægjandi og skipulag við eftirlit með börnunum sé eins og best verður á kosið.
- Foreldraráð telur að foreldrar viti almennt ekki af foreldraráði og fulltrúum þess og geti þar af leiðandi ekki komið málum á framfæri. Farið var yfir að kynna foreldraráð í pósti til foreldra.

Dagskrá næsta fundar

Ekki var lögð fyrir dagskrá fyrir næsta fund.

Fundi lauk kl. 09:45. Næsti fundur var ekki ákveðinn.

Fundargerð ritaði Ólafía Harðardóttir.

Fundargerð verður sett á vef LS eftir að fundarmenn hafa samþykkt fundargerð með tölvupósti til fundarritara.